



Akureyrarbær

Byggingalistaverðlaun Akureyrar 2022

Tilgangur með veitingu byggingarlistaverðlauna Akureyrarbæjar er m.a. að vekja athygli á góðri byggingarlist og vera hvati til góðra verka.

Það er arkitektinn Gísli Jón Kristinsson sem að þessu sinni hlýtur viðurkenningu fyrir ævistarf í þágu byggingalistar á Akureyri undanfarna fjóra áratugi. Hann er fæddur 26. nóvember 1950 og útskrifaðist sem arkitekt frá Tekniska Höskolan í Helsingfors í Finnlandi árið 1980.

Eftir útskrift starfaði Gísli Jón á m.a. á Skipulagsdeild Akureyrarbæjar áður en hann stofnaði arkitektastofu árið 1985 ásamt Páli Tómassyni. Gísli Jón rak ásamt fleirum arkitektastofuna arkitektur.is og frá 2015 hefur rekið sína eigin stofu.

Gísli Jón segir sjálfur um verk sín: „Þegar ég lít yfir verkin mín sé ég að stigarýmin hafa einhvern sérstakan sess í huga mér. Ég legg mikið í að hafa stóra glugga og sterka birtu. Stigar eru umferðarmiðja, staðurinn þar sem allt er að gerast og allt snýst um.“

Dæmi um þetta má víða finna s.s. í íbúðarhúsinu að Ránargötu 14 þar sem stigin er í miðju húsi en stigarýmið nær að suðurvegg með háum björtum hornlugga sem gefur birtu inn í stigan og stofuna.

Þá er í húsi Hafnarsamlags Norðurlands beinn og breiður stigi í glerskála á útvegg. Stigarýmið er fallett og bjart og þar mætast allir sem eiga leið um bygginguna. Í Hólum, aðalbyggingu MA, eru yfir stiganum stórir gluggaflétir sem gefa flennibirtu beint inn í miðju skólans.

Af öðrum verkum Gísla Jóns má nefna nýbyggingu Brekkuskóla, Stúdentagarða við Klettastíg, tengivirki við Rangárvelli og fjórar dælustöðvar; við Glerártorg, við Torfunef, við Laufásgötu og í Sandgerðisbót.

Rík formskynjun og einfaldleiki ásamt góðum skilningi á aðlögun að staðháttum eru þættir sem eru einkennandi fyrir nálgun Gísla Jóns í verkum hans á Akureyri í gegnum tíðina. Framlag hans til góðrar byggingalistar er ríkulegt og þakkarvert.

Faghóp Byggingalistaverðlauna Akureyrar árið 2022 skipa:

Steinmar Heiðar Rögnvaldsson, byggingarfulltrúi og formaður, Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri, og Ágúst Hafsteinsson, arkitekt.